

Til: Umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar.

Frá: Stjórn Húsfélagsins Skipholt 11-13, 105 Reykjavík.

Reykjavík 14. febrúar 2023.

Vísað er til fundargerðar Umhverfis- og skipulagsráðs frá 8. febrúar s.l. Þar er fjallað um, undir lið nr. 5, að breyta fyrirkomulagi gangstétta og bílastæða við Brautarholt 16-20, þannig að bílastæðum mun fækka úr 25 í 6.

Í umræddum húsum við Brautarholt munu eiga að vera 65 íbúðir. Þegar er flutt inn í hluta þessara íbúða og eru bílastæði fyrir framan húsin og þar í kring nú þegar full af bílum. Íbúar í Skipholt 11-13 hafa upp á síðkastið tekið eftir því að sumir íbúar í umræddum húsum við Brautarholt eru farnir að leggja bílum sínum við Skipholt 11-13 og við Eyja hótél þar fyrir norðan.

Stjórn Húsfélagsins Skipholt 11-13 vill hér með koma á framfæri mótmælum við væntanlega framkvæmd, sem hún telur algerlega óraunhæfa, í ljósi þess að með þeim 65 íbúðum í Brautarholt 16-20 munu fylgja nokkrir tugir bíla, sem íbúar munu reyna að leggja í nágrenni við heimili sín.

Hér með er óskað eftir því að borgaryfirvöld endurskoði umrædda hugmynd, þar sem hún mun ella valda nágrönnum þessara húsa við Brautarholt óþarfa átroðningi.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar Húsfélagsins Skipholt 11-13,

Jón Þorsteinn Gunnarsson

Kt: [REDACTED]